

**Sp.**

**621. Fyrirspurn**

[312. mál]

til samgönguráðherra um flugvelli á Akureyri og Egilsstöðum.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

1. Hvað mundi kosta að gera Akureyrarflugvöll þannig úr garði að allar vélategundir í eigu íslenskra flugfélaga gætu notað hann þannig að fyllstu öryggiskröfum yrði mætt um flug, brautarlengd og styrkleika flugbrautar, svo og um fráflug?
2. Hver yrði viðbótarkostnaður við hinn nýja flugvöll á Egilsstöðum ef fullnægja ætti sömu kröfum og um getur í 1. lið?